

**REGLUGERÐ**

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Blönduós, nr. 166 12. ágúst 1970.

**1. gr.**

26. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Gjöld til hafnarsjóðs Blönduóss skulu innheimt samkvæmt sérstakri gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

**2. gr.**

Greinar nr. 27—46 falli niður og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 30. maí 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

Nr. 263.

30. maí 1975.

**GJALDSKRÁ**

fyrir hafnarsjóð Blönduóss.

**I. KAFLI**

**Um gjöld til hafnarinnar.**

**1. gr.**

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

**Lestagjöld.****2. gr.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- c. Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmllest þó aldrei minna en kr. 2000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.